

Myndlist	6. bekkur
Kennari: Renata Agnes Edwardsdóttir Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.	
Menntagildi námsgreinar: <p>Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspeglar og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að veita og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímni gáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum. Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunni og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur á margvíslegan hátt, næra ímyndunarafl og efla fegurðarskyn. Listupplifun opnar farveg til að skoða og meta eigin gildi og viðhorf, á beinan eða óbeinan hátt, út frá margvíslegum leiðum og miðlum. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum og einnig persónuleg gildi, s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi.</p> <p>Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• <i>takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt</i>• <i>sjá ný mynstur og hugsa í lausnum</i>• <i>þroska persónulega tjáningu</i>• <i>þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum</i> <p>Nemendur fá tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veita og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.</p> <p>Myndlistarkennsla er sambætt við aðrar námsgreinar: íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, heimspeki, upplýsingatækni, tónmennt.</p>	

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
<p><u>Formfræði, litافرæði og myndbygging</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Frumpættir og lögmál myndlistar • Teikning, málun, litablöndun • Blönduð tækni 	<p><i>Nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Geti beitt mismunandi litaaðferðum og litatönnum • Þekki hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni • Þekki áhrif lita á tilfinningar manns (merking lita) • Þekki áhrif sólarljósins á liti umhverfisins 	<ul style="list-style-type: none"> • Innlögn kennara og sýnikennsla (áhugaverðar sjónrænar kveikjur) • PP kynningar, innlifunaraðferðir • Virkar umræður og vinnsla út frá þeim • Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna • Tilraunavinna og heimildarvinna • Leitar- og uppgötvunarnám • Endurvinnsla, endurnýtt efni í hönnun
<p><u>Tækni</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Skissuvinna, teikning, stærðir og hlutföll • Blönduð tækni (ólík efni í sömu mynd) 	<ul style="list-style-type: none"> • Geti valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreyttum miðlum • Geti beitt aðferðum í tvívídd og þrívídd 	
<p><u>Listrýni</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Innsýn í myndmál nútímamiðla • Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt • Ákveðnar listastefnur og listamenn (impresjónismi, expressjónismi, „land-art“) 	<ul style="list-style-type: none"> • Geti tjáð skoðanir/tilfinningar í gegnum eigin sköpun • Geti greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis • Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt og menningarlegt samhengi • Geti unnið út frá eigin styrkleikum 	
<p><u>Umgengni</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Meðhöndlun efna og áhald og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði 	<ul style="list-style-type: none"> • Öðlist færni í að umgangast efni og áhöld af virðingu og læri að ganga rétt frá eftir sig 	

Námsmat:

Kennsla í sjónlistum í 5.-7. bekk í Heiðarskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá Grunnskóla um list- og verkgreinar. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans. Í lok myndlistartímabils er lokamat skráð í Mentor.

Námsgögn: Námsfni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu, kynningu og kennslu á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun. Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.

Efni: Málning, pappír í ýmsum stærðum, gerðum og litum, ofl.

Áhöld: Blýantar, pennar, penslar ofl.